

Staðfesting forseta á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð norskra stúdenta, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 8. nóvember 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð norskra stúdenta.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður norskra stúdenta.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf hjónanna Guðrúnar og Salomons Brunborgs og sona þeirra, Erlings og Egils, en þau eru öll búsett í Billingsstad í Noregi. Er sjóðurinn helgaður minningu allra þeirra norsku stúdenta, sem lögðu líf sitt í sölurnar fyrir föðurland sitt í frelsisbaráttu Norðmanna á árunum 1940-1945.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 100.000 – eitt hundrað þúsund – krónur, og hefur frú Brunborg aflað þess með fyrirlestrahaldi, um frelsisbaráttu Norðmanna, og kvikmyndasýningum víðs vegar um Ísland.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla menningarsamband Íslands og Noregs með því að styrkja norska stúdenta og kandidata til náms við Háskóla Íslands.

5. gr.

Stjórn Háskóla Íslands (nú háskólaráð) skal sjá um vörzlu og ávöxtun sjóðsins. Skal fé sjóðsins jafnan ávaxtað með sem öruggustum og hagkvæmustum hætti, í veðdeildarbréfum, ríkisskuldabréfum og öðrum jafntryggjum verðbréfum.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Við höfuðstólinn skal ár hvert leggja 1% af vaxtatekjum sjóðsins. Að öðru leyti má verja vaxtatekjum til styrkveitinga. Nú er sú heimild eigi notuð að fullu eitthvert ár, og skulu þá vextir þeir, sem afgangsverða, lagðir við höfuðstólinn.

7. gr.

Styrk úr sjóðnum má veita þeim mönnum einum, er svo eru efnalega staddir, að þeir hafa styrksins þörf, og hafa sýnt það með námi sínu og hegðun, að þeir séu styrksins verðugir. Konur geta ekki orðið aðnjótandi styrks úr sjóðnum.

8. gr.

Styrkveitingum úr sjóðnum skal eftir föngum haga svo, að styrkþegi fái nægilegan styrk til þess að geta stundað fyrirhugað nám sitt. Því skal í fyrstu aðeins einum styrkþega veittur styrkur, en síðan má fjölga þeim, ef sjóðurinn vex svo eða

námskostnaður lækkar svo, að fé það, er til úthlutunar kemur, nægi fleiri en einum styrkþega.

9. gr.

Háskóli Íslands tilkynnir Oslóarháskóla í desembermánuði ár hvert, hve miklu fé muni varið til styrkveitinga úr sjóðnum á komandi ári. Oslóarháskóli auglýsir styrkinn til umsóknar, tekur á móti umsóknum um hann og gerir tillögur um hverjum styrkur skuli veittur og sendir þær tillögur til Háskóla Íslands. Háskóli Íslands veitir síðan styrkinn eftir tillögum Oslóarháskóla og er það ósk gefendanna, að sú úthlutun fari fram 8. maí ár hvert.

Tillögur um styrkveitingu úr sjóðnum skulu jafnan sendar frú Guðrúnu Brunborg og eftir hennar dag syni hennar, Erlingi Brunborg í Billingsstad, og skal þess síðan jafnan gætt, að einhverjum niðja gefendanna í beinan karlegg sé gefinn kostur á að fylgjast með því, hversu fé sjóðsins er varið.

10. gr.

Hverjum þeim, sem verður aðnjótandi styrks úr sjóðnum, skal skylt að kynna sér tilgang hans og tildrögin að stofnun hans.

Að loknu tímabili því, er styrkur er veittur til, skal styrkþega skylt að senda Háskóla Íslands skriflega skýrslu sína um það, hver not honum hafi orðið að styrknum. Háskóli Íslands skal senda frú Brunborg og síðan fulltrúa ættarinnar, sbr. 9. gr. 2. mgr., eftirrit af skýrslu þessari.

11. gr.

Háskóli Íslands heldur gerðabók fyrir sjóðinn. Í hana skal rita skipulagsskrá sjóðsins, reikninga hans, styrkveitingar úr honum og annað, er varðar hag sjóðsins og starf. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum háskólareikninganna.

12. gr.

Stofnendur sjóðs þessa hafa stofnað sjóð við Oslóarháskóla, og er honum ætlað sams konar hlutverk í Noregi sem þessum sjóði er ætlað á Íslandi.

13. gr.

Frú Guðrún Brunborg áskilur sér rétt til þess, innan næstu 5 ára, að koma fram með tillögum um breytingar á skipulagsskrá þessari, þó svo, að þær breytingar haggi að engu tilgangi sjóðsins.

14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og fara þess á leit, að hún verði prentuð í B-deild Stjórnartíðindanna.